

Nd.

438. Nefndarálit

um frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Nefndin telur lögin góð, og rétt að færa saman í eina heild öll lög um þenna skóla. Þó hefir hún orðið ásatt um, að leggja til nokkrar breytingar, svo sem sést á eftirfarandi breytingartillögum. Skulu hér raktar ástæður til þeirra í fám orðum.

Kenna verður mönnum nokkuð um veldi og rót áður en þeim er kent að nota tugvitatöflur (logaritma), ef þeir eiga að fá nokkurn skilning á því. Áður en þeim eru kendar grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar, verða þeir að hafa fengið ljósan skilning á neitandi og játandi stærðum, en þessar grundvallarsetningar þurfa menn að kunna áður en þeir geta lært að reikna út réttthyrnda þríhyrninga. Svo mun og hafa verið til hagað kenslunni í þessum skóla og svo mun henni enn vera hagað. Þykir nefndinni því réttara, að þessi atriði séu og prófskilyrði við hið minna próf.

En rétt telur nefndin að til meira prófsins sé krafist nokkru ítarlegri þekkingar í þessum atriðum.

Viðast hvar um heim eða alstaðar munu hafnsögumenn kunna ensku, en við dönsku má bjargast á Norðurlöndum einum. Fyrir því telur nefndin það sjálfsagt að eigi sé minna krafist í ensku en í dönsku.

Nefndin telur stýrimannakensluforstjóran í Kaupmannahöfn eigi heyra undir íslenzkt löggjafarsvið, og hyggur prófdómendur þá, er stjórn vor skipar, einfæra um að taka til verkefni til prófs í skólum vorum. Mun og það ákvæði í 4. gr. sem hér er átt við, vera leifar frá fyrri árum, þegar sjómannafræði var hér litt kunn.

Hér voru í stuttu máli taldar ástæður til þess að nefndin ber fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um stýrimannaskóla í Reykjavík.

1. Við 2. gr. 1. Liðurinn orðist svo:
Kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatar- málsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grund- vallarsetningar þríhyrningsfræðinnar og útreikning réttthyrndra þríhyrninga eftir henni.
2. Við 3. gr. 1. Framanvið liðinn bætist: ítarlegri.
3. Við 3. gr. Í 2. línu eftir »— — stærðum«, komi: þekking.
4. Við 3. gr. 9. Liðurinn orðist svo: sama kunnátta í ensku sem í dönsku.
5. Við 4. gr. Síðasta málsgrein 4. gr. orðist svo:
Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefnin til

skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í inn-
sigluðu umslagi.

Alþingi ^{80/8} 1911.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson.

Jón Sigurðsson.

Björn Kristjánsson.